

# Starfsleyfi

Grábrókarveitu, Borgarbyggð

Vatnsveita Orkuveitu Reykjavíkur í Grábrókarhrauni, kt. 551298-3029, hefur í dag hlotið starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd Vesturlands (HeV) sbr. úttekt HeV á vatnsbóli, lögnum og safngeymi Stóru Skógum. Auk þess sem stuðst við sýnatökur undanfarinna mánaða og greinargerð HeV dags. 3. janúar 2007. Vatnsveitan mun í upphafi þjóna svæðinu frá Bifröst og niður í Borgarnes. Forsvarsmaður: Kristinn Gíslason

## 1. Almenn ákvæði

Starfsleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Vatnsveitan skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um meðferð matvæla.
- b) Vatnsveitan skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um almennt hreinlæti og innra eftirlit sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
- c) Vatnsveitan skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um athafnasvæði matvælafyrirtækja eftir því sem við á.
- d) Vatnsveitan skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 og 537/2003 vegna úrgangs sem til fellur vegna starfsmanna.
- e) Fyrirtækið skal gæta ákvæða 5. gr. neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001 vegna heilsu starfsmanna.
- f) Gæði neysluvatns skulu ávallt uppfylla ákvæði neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001. Skyft er að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ef mengun kemur fram í neysluvatninu.
- g) Eintök af starfsskilyrðum þessum skulu ávallt tiltæk hjá forsvarsmanni.
- h) Forsvarsmaður ber ábyrgð á að vatnsbólið sé rekið í samræmi við starfsskilyrði heilbrigðisnefndar.
- i) Fyrirhugaðar minni háttar breytingar á rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Verði um meiri háttar breytingu á rekstri að ræða, skal sótt um nýtt starfsleyfi.
- j) Um aðbúnað, hollustu og öryggi starfsfólks fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 þar um og reglum settum samkvæmt þeim.
- k) Framsal starfsleyfis er óheimilt.

## 2. Gjaldskylda

Fyrirtækið skal greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við sýnatökur og reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

## 3. Gildistaka

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við 4. gr. neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001 og 3. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla með síðari breytingum, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2017.

Borgarnesi, 3. janúar 2007.



## Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Borgarbraut 14, Borgarnesi

Stillholti 16-18, Akranesi

kt. 550399-2299

Símar: 433-7117 433-1070

### Greinargerð um Grábrókarveitu

Starfsleyfi fyrir vatnsveitu Orkuveitu Reykjavíkur mun gilda fyrir borholur í Grábrókarhrauni, vatnsverndarsvæði, lagnir frá vatnsbóli niður í Borgarnes svo og lagnir að bæjum og frístundasvæðum, dælustöðvar og safngeyma.

Greinargóðar upplýsingar liggja til hliðar við veitingu starfsleyfisins svo sem um borholurnar þrjár, GB10, GB12 og GB13, sem hafa verið prófaðar m.t.t. örverugróðurs og sérstök efnarannsókn var gerð á vatni úr GB12 á haustmánuðum. Holurnar eru 20-30 m djúpar og gefa í dag hátt í 30 l/sek hver.

Verndarsvæði vatnsbólans hefur verið skilgreint af starfsmönnum ÍSOR og samþykkti heilbrigðisnefnd framlagða tillögu að verndarsvæði. Mun verndarsvæðið koma fram í aðalskipulagi fyrir Borgarbyggð.

Sérstakt dæluhús um 80 m<sup>2</sup> er í Grábrókarhrauni og mun akvegur að því takmarkaður með læstu hliði. Ekki er þörf á, að óbreyttu, að girða af verndarsvæðið.

Vatnsgeymir, 870 m<sup>3</sup> brúttó, er staðsettur í landi Stóru Skóga.

Bæði vatnsbólssvæðið og lagnagerð hefur farið í gegnum skipulags- og byggingarferli og hlotið jákvæða afgreiðslu. Þá er aðalskipulag svæðisins, sem Hús og skipulag hafði umsjón með, tilbúið til auglýsingar hjá Borgarbyggð. Þar kemur fram vatnsverndarsvæði fyrir Grábrókarveituna.

HeV heimilaði notkun á vatni frá Grábrókarveitu til notenda í Munaðarnesi og Stóru Skógum snemmsumars 2006. Í september var síðan heimilað að nota vatnið allt niður að Svignaskarði. Það má því segja að lokaúttektin hafi falist í því þegar heimilað var að nota vatnið niður í Borgarnesi eftir að sýni í lagnahúsi við Vindás sýndu litla gerlamengun.

Eftir á að gera eftirlitsáætlun varðandi sýnatöku úr Grábrókarveitu og verður hún gerð í samvinnu við eiganda veitunnar.

Það skal vakin athygli á því að neysluvatn flokkast undir matvæli og eru þau skilyrði sem gerð eru til reksturs vatnsveitu því að miklu leyti byggð á ákvæðum reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gefur út starfsleyfi fyrir vatnsveitur.

**Borgarnesi, 3. janúar 2007**

